

Tálknafjarðarskóli Suðurfjarðameistari í skák !

Á sunnanverðum vestfjörðum var í morgun haldið skákmót um Suðurfjarðameistara í skák 2014. Mótið var haldið á Fosshótelu á Patreksfirði og voru það nemendur í Patreksskóla og Tálknafjarðarskóla sem tefldu um titilinn. Mótið var haldið í tilefni Skákdags Íslands sem er tileinkaður okkar fyrsta stórmeistara í skák en GM Friðrik Ólafsson fagnaði sínu 79. aldursári 26. janúar sl.



Með þessu móti varð draumur að veruleika en 48 nemendur mættu til tafis, 24 úr hvorum skóla. Jú því skák er skemmtileg og eflir námsgetu. Svona mót eru svo sannarlega ekki haldin á þátttöku samfélagsins en margir lögðu hönd á plóg og var teflt á frábærum stað Fosshótelu á Patreksfirði, einnig gáfu fyrirtæki á svæðinu vinninga en það voru Verslunin Fjölval, Landsbankinn, Hópið veitingastaður á Tálknafirði og Verslunin Albína.

Einnig hafa Héraðssambandið Hrafna –Flóki, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur og Skáksamband Íslands lagt til skáklukkur til að efla skáklíf á Suðurfjörðunum. Mótið tókst einstaklega vel og mættu Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar og Lilja Sigurðardóttir formaður Hrafna-Flóka og léku fyrsta leik á tveimur borðum með nýju klukkunum. Indriði Indriðason sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps afhenti farandbikar Suðurfjarðameistara. Séra Leifur Ragnarsson sá svo um að draga út vinningsnúmer þeirra sem dattu í lukkupottinn. Mótstjóri var GM Henrik Danielsen sem einnig sá um skipulagningu ásamt Áróru H Skúladóttur, skólastjórnum grunnskólanna og hóteltjóra Fosshótelu Jimmy Wallster.

